



SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 1. febrúar 1996

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 1201768
komudagur 12 1996

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á bankalögnum (232. mál).

Vísað er til bréfs yðar frá 21. desember 1995, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði (232. mál). SÍV gerir alvarlegar athugasemdir við tvær greinar frumvarpsins. Jafnframt skal tekið fram að fulltrúar SÍV, Sambands íslenskra sparisjóða, bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og viðskiptaráðuneytisins hafa að undanförmu farið yfir tiltekin atriði í 16. gr. frumvarpsins, önnur en þau sem fjallað er um í þessari umsögn. Verði þessir aðilar ekki sammála um athugasemdir, sem ráðuneytið kæmi síðan á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd, mun SÍV koma sínum athugasemdum við þessi atriði á framfæri við nefndina.

1. Tryggingarsjóður innlánsstofnana (16. gr.).

SÍV gerir alvarlegar athugasemdir við tiltekin atriði í 16. gr. frumvarpsins sem fjallar um Tryggingarsjóð innlánsstofnana. Verði þeim ekki breytt getur SÍV ekki mælt með samþykkt frumvarpsins. Athugasemdum SÍV var komið á framfæri við viðskiptaráðuneytið í haust þegar drög að frumvarpi lágu fyrir en ráðuneytið tók ekki tillit til þeirra.

Jöfnun starfsskilyrða. SÍV telur að það sé grundvallaratriði að þeir aðilar sem keppa á sama markaði búi við sömu starfsskilyrði og að löggjafinn hygli ekki einum aðila á kostnað annarra. Viðskiptabankar og sparisjóðir keppa á sama markaði og því er brýnt að þessum aðilum séu búin sömu starfsskilyrði. Í 16. gr. frumvarpsins kemur berlega fram að sparisjóðirnir eiga áfram að búa við sérstöðu umfram viðskiptabankana. Þetta verður að leiðrétta, enda hefur ekki verið sýnt fram á að sparisjóðirnir þurfi á ívilnandi ákvæðum að halda.

Framlag banka og sparisjóða til Tryggingarsjóðs innlánsstofnana. Samkvæmt g-lið 16. gr. frumvarpsins yfirtekur Tryggingarsjóður innlánsstofnana allar eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka. Jafnframt er gert ráð fyrir að Tryggingarsjóð-

ur sparisjóða greiði Tryggingarsjóði innlánsstofnana 300 m.kr. en haldi sjálfur afganginum af eignum sínum.¹

Samkvæmt nógildandi lagaákvæðum eiga Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða að tryggja allar innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Skulu eignir sjóðanna nema a.m.k. 1% af heildarinnlánum í árslok. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tryggingarstofninn verði annar. Í fyrsta lagi á tryggingin ekki að ná til innstæðna í eigu innlánsstofnana og annarra lánastofnana. Er þetta í samræmi við ákvæði tilskipunar ESB um innstæðutryggingar. Í öðru lagi á að miða lágmarksstærð Tryggingarsjóðs innlánsstofnana við 1% af meðalstöðu tryggðra innstæðna á næstliðnu ári.

Í árslok 1995 voru eignir innstæðudeildar² Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1.665 m.kr. eða 1,32% af tryggðum innstæðum í viðskiptabönkunum á því ári skv. skilgreiningu frumvarpsins.³ Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að við sameiningu tryggingarsjóðanna greiði Tryggingarsjóður sparisjóða 300 m.kr. til hins sameinaða sjóðs. Tölur um tryggðar innstæður í sparisjóðunum á árinu 1995 skv. skilgreiningu frumvarpsins liggja ekki fyrir. Sé hins vegar gert ráð fyrir að tryggingarstofninn í sparisjóðunum sé sama hlutfall af meðalinnstæðum á árinu 1995 og hjá viðskiptabönkunum fæst að 300 m.kr. framlag Tryggingarsjóðs sparisjóða samsvarar 0,95% af tryggðum innstæðum í sparisjóðunum. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að framlag Tryggingarsjóðs viðskiptabanka til hins sameiginlega sjóðs verði hlutfallslega mun herra en framlag Tryggingarsjóðs sparisjóða. Ennfremur er gert ráð fyrir að framlag Tryggingarsjóðs sparisjóða verði lægra en sem nemur 1% af tryggðum innstæðum í sparisjóðunum en við það hlutfall er lágmarksstærð sjóðsins miðuð. Á þetta getur SÍV með engu móti fallist og bendir á að í þessu felst óbeinn fjárhagslegur stuðningur viðskiptabankanna við sparisjóðina.

Að mati SÍV er réttlátasta leiðin til að jafna þennan mun milli viðskiptabanka og sparisjóða sú að framlag Tryggingarsjóðs viðskiptabanka til hins sameinaða sjóðs verði hlutfallslega jafnhátt og framlag Tryggingarsjóðs sparisjóða og að báðir sjóðirnir leggi til Tryggingarsjóðs innlánsstofnana fjárhæð sem svarar til 1% af tryggðum innstæðum á árinu 1995 eins og þær eru skilgreindar í frumvarpinu. Jafnframt er það krafa SÍV að sá hluti af eignum Tryggingarsjóðs viðskiptabanka sem er umfram þessa fjárhæð verði endurgreiddur viðskiptabönkunum.

¹ Heildareignir Tryggingarsjóðs sparisjóða námu 405 m.kr. í árslok 1994. Þar af voru 56 m.kr. vegna eldri tryggingarsjóðs.

² Innstæðudeild annast innstæðutryggingarnar, lánadeild veitir víkjandi lán til viðskiptabanka.

³ Meðalinnstæður í viðskiptabönkum á árinu 1995 voru 128.872 m.kr. og 32.191 m.kr. í sparisjóðunum. Meðalinnstæður í viðskiptabönkunum á því ári í eigu innlánsstofnana og annarra lánastofnana voru 2.524 m.kr.

Tillaga SÍV um framlag Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Tryggingarsjóðs sparisjóða til Tryggingarsjóðs innlánsstofnana:

g-liður 16. gr. orðast svo:

Innstæðudeild Tryggingarsjóðs viðskiptabanka skal eigi síðar en 1. júní 1996 greiða Tryggingarsjóði innlánsstofnana fjárhæð sem svarar til 1% af meðaltali af samanlögðum tryggðum innstæðum árið 1995, sbr. 3. mgr. 77. gr. og 2. mgr. 79. gr., í viðskiptabönkum öðrum en Sparisjóðabanka Íslands hf. Afgangurinn af eignum innstæðudeildar skal greiddur til viðskiptabanka annarra en Sparisjóðabanka Íslands hf. í sömu hlutföllum og nemur uppreiknuðum greiðslum þeirra í Tryggingarsjóð viðskiptabanka frá stofnun hans. Tryggingarsjóður innlánsstofnana yfirtekur allar aðrar eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka 1. júní 1996 og skal síðarnefndi sjóðurinn þá lagður niður.

1. másl. 1. mgr. h-liðs 16. gr. orðast svo:

Tryggingarsjóður sparisjóða skal eigi síðar en 1. júní 1996 greiða Tryggingarsjóði innlánsstofnana fjárhæð sem svarar til 1% af meðaltali af samanlögðum tryggðum innstæðum árið 1995, sbr. 3. mgr. 77. gr. og 2. mgr. 79. gr., í sparisjóðum og Sparisjóðabanka Íslands hf.

Stjórn Tryggingarsjóðs innlánsstofnana. Í árslok 1995 voru 77% af heildarinnstæðum landsmanna í viðskiptabönkunum þremur og 21% í sparisjóðunum. Hluttur viðskiptabankanna er því næstum fjórfaldur hluttur sparisjóðanna. Því leggst SÍV eindregið gegn ákvæðum 2. mgr. b-liðs 16. gr. þess efnis að viðskiptabankar og sparisjóðir tilnefni hvorir sinn mann í fjögurra manna stjórn sjóðsins. Þess í stað leggur SÍV til að fimm menn skipi stjórn sjóðsins, þrír tilnefndir af SÍV, einn af Sambandi íslenskra sparisjóða og einn af viðskiptaráðherra og verði hann jafnframt formaður stjórnarinnar.

Þá bendir SÍV á ákvæði 1. mgr. b-liðs 16. gr. um að enginn aðila að sjóðnum megi fara með meira en 1/10 hluta heildaratkvæðamagns í honum. Hlutdeild sérhvers viðskiptabanka liggur ofan þessara marka þannig að þeir munu búa við skert atkvæðavægi en hlutdeild sérhvers sparisjóðs liggur neðan þessara marka þannig að atkvæðavægi þeirra mun í engu skerðast. Reyndar er vandséð að þessi regla frumvarpsins fái staðist miðað við núverandi fjölda viðskiptabanka og sparisjóða og markaðshlutdeild þeirra. Til að allir aðilar sitji við sama borð leggur SÍV til að þessi þröskuldur verði hækkaður í 50% þannig að enginn einn aðili geti farið með meiri hluta í sjóðnum.

Tillaga SÍV um atkvæðamagn í Tryggingarsjóði innlánsstofnana og samsetningu stjórnar:

3. málsli. 1. mgr. b-liðs 16. gr. orðast svo:

Þrátt fyrir þetta má enginn aðila að sjóðnum fara með meira en helming (50%) heildar-atkvæðamagns í honum.

Í stað 2.-4. málsli. 2. mgr. b-liðs 16. gr. kemur: Hún skal skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn. Einn þeirra skal skipaður af Sambandi íslenskra sparisjóða, þrír af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og einn af ráðherra og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar.

Tryggingarsjóður sparisjóða. Samkvæmt h-lið 16. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Tryggingarsjóður sparisjóða starfi áfram og sinni tilteknum sameiginlegum verkefnum fyrir sparisjóðina og að hann njóti skattfrelsis, enda fari framlög sparisjóðanna til hans ekki yfir tiltekin mörk. Þessu mótmælir SÍV. Í fyrsta lagi skal bent á að sparisjóðum í landinu hefur smám saman fækkað á liðnum árum og veikburða sjóðir sameinast hinum sterkari. Bókfært eigið fé sparisjóðanna nam um rúmlega 6 milljörðum króna í árslok 1994. Á sama tíma var eiginfjárhlutfall sparisjóðanna án Sparisjóðabanka Íslands hf. 16,6% og bankans 39,6%. Þessi staða gefur því ekki tilefni til að starfræktur sé í þágu þeirra sérstakur lögbundinn bjargráðasjóður sem nýtur skattleysis. SÍV er þó reiðubúið að fallast á að enn séu nokkrir sparisjóðir að glíma við tímabundinn vanda sem ástæða sé til að sparisjóðirnir leysi sameiginlega með aðstoð sérstaks bjargráðasjóðs. Því getur SÍV fallist á að lögbundinn skattlaus sjóður af þessu tagi verði starfræktur í tvö til þrjú ár til viðbótar. Að þeim tíma liðnum telur SÍV hins vegar að skilyrðislaust eigi að fella ákvæði um hann brott úr lögum. Að sjálfsögðu kemur það á engan hátt í veg fyrir að sparisjóðirnir starfræki slíkan sjóð eftir þann tíma án atbeina löggjafans, kjósi þeir það. Verði ekki fallist á þessa tillögu óskar SÍV eftir því, með vísan til jafnræðis aðila, að viðskiptabankarnir fái heimild í lögum til að starfrækja hliðstæðan sjóð sem nýtur skattleysis og getur annast ýmis verkefni fyrir þá.

Í öðru lagi telur SÍV að það sé til þess fallið að skapa hættu á ruglingi að Tryggingarsjóður sparisjóða starfi áfram undir gamla heitinu þrátt fyrir að hann tryggji ekki lengur innstæður. Að mati SÍV kemur t.d. til greina að í lögnum verði sjóðurinn annað hvort nefndur „sjóður á vegum Sambands íslenskra sparisjóða“ eða „Samvinnusjóður sparisjóða“.

Tillaga SÍV um að ákvæði um Tryggingarsjóð sparisjóða verði tímabundin og að heiti hans verði breytt:

Öll efnisatriði h-liðs 16. gr. að undanskildum 1. másl. verði flutt í ákvæði til bráðabirgða sem gildi til ársloka 1998. Í bráðbirgðaákvæðinu verði ekki notað heitið „Tryggingarsjóður sparisjóða“ heldur t.d. „sjóður á vegum Sambands íslenskra sparisjóða“ eða „Samvinnusjóður sparisjóða“.

2. Reglur um gerð ársreiknings (11. gr.).

SÍV er þeirrar skoðunar að of víða í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sé bankaeftirliti Seðlabanka Íslands fært vald til að setja nánari reglur. SÍV mælir fremur með að vald til að setja reglur sé í höndum annars aðila en þess sem síðan hefur eftirlit með því að reglunum sé fylgt. Því leggst SÍV gegn ákvæði 11. gr. frumvarpsins og leggur til að viðskiptaráðuneytið setji þessar reglur.

Tillaga SÍV um að ráðherra setji reglugerð um ársreikning:

11. gr. orðast svo:


3. mgr. 57. gr. laganna orðast svo:

Í reglugerð, sem ráðherra setur að höfðu samráði við bankaeftirlitið og Félag löggiltra endurskoðenda, skal kveðið á um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

3. Niðurlag.

Sem fyrir segir getur SÍV ekki mælt með samþykkt frumvarpsins nema breytingar verði gerðar á 16. gr. þess. Fulltrúar SÍV eru að sjálfsögðu reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar og ræða tillögur sambandsins við nefndarmenn.

Virðingarfyllst,


Stefán Pálsson,
formaður